

VL 3.11 Þrifaáætlun

A Áætlun fyrir reglubundin þrif

Hreinsibúnaður og áhöld

Búnaður og áhöld svo sem kústar, skóflur, hjólbörur, úðabrúsar o.fl. eru litamerkt viðkomandi vinnslusvæði og eingöngu notuð þar. Öll áhöld eru þvegin, sótthreinsuð og hengd upp að notkun lokinni og þess gætt að þau snerti ekki gólf. Aðeins eru notuð þrifaáhöld, sem auðvelt er að halda hreinum (plast án samskeyta).

Litamerkingar hreinsibúnaðar

- **Rauð áhöld** Hráfnisgeymslur og löndunarbúnaður
- **Blá áhöld** Votvinnsla, skilvindusvæði og ketilhús
- **Gul áhöld** Þurrvinnsla
- **Hvít áhöld** Mjölhús og mjölskemma

Vinnslurás

1. Í lok hverrar vinnslu skal tæma, eins og kostur er, allt efni úr tækjum, lögnum og sniglum.
2. Í lok hverrar vinnslu skal þrifa vel alla snigla frá pressum að þurrkurum með vatni og hreinsiefni þannig, að ekkert lífrænt efni finnist í þeim. Sérstaka áherslu skal leggja á snigilenda og legur. Eftir þrif skulu allir þessir sniglar og snigilok úðuð með sótthreinsiefni.
3. Þegar vinnslu er lokið, skal yfirfara mjölrás með tilliti til uppsöfnunar á röku mjöli. Hreinsa skal mjölið og sótthreinsa svæðin sérstaklega með sótthreinsi. Sótthreinsimjöli skal síðan keyrt í alla mjölrásina, frá þurrkurum að blöndunartökum, og látið liggja sem lengst eða þar til vinnsla hefst að nýju.
4. Allar vökvalagnir skal skola rækilega eftir vinnslu og tæma síðan eins og kostur er.

Lýsistankar

1. Birgðatankar fyrir lýsi skulu þrifnir a.m.k. árlega með vítissóðalausn eða kvoðuhreinsiefni og þá sérstaklega öll óhreinindi og vatn, sem safnast hefur á botninn. Eftir þvott er æskilegt að meðhöndla innra yfirborð tankanna með lýsi t.d. með því að blanda lýsi í síðasta skolvatnið. Lýsistanka fyrir manneldislýsi skal þrifa við hverja tæmingu.
2. Millitanka skal hreinsa á sama hátt og birgðatanka a.m.k. árlega. Sjá skal til þess, að vatn og óhreinindi safnist ekki á botninn. Athuga skal millitanka eftir hverja tæmingu og hreinsa allt vatn og óhreinindi, sem safnast hefur í botninn.
3. Dæluhús við lýsistanka og allan búnað í þeim skal þrifa eftir hverja lýsisútskipun og, eftir því sem þörf krefur, með heitu vatni og hreinsiefni.

Ýmsilegt

1. Fylgjast skal reglulega með fitugildru (og brunnum) og þrífa eftir þörfum.
2. Halda skal öllum niðurföllum hreinum og sótthreinsa reglulega.

Ítarleg þrif

Blautsvæði

1. Fjarlægja öll laus óhreinindi á öllu svæðinu með smúlun og sköfun. Mjög mikilvægt er að vera búinn að fjarlægja allt lauslegt áður en sápan er sett á en með því fæst mun betri virkni úr sápunni. Eyðið frekar meiri en minni tíma í það.
2. Úða TK-Actigeli 2,5 – 3 % með lágþrýstibúnaði á alla fleti (tæki, loft, vegg og gólf), sem hægt er að komast að innan og utan. Mikilvægt er að stilla loftmagn (3 – 4 bör) þ.a. kvoðan leggist vel og hangi vel á fletinum (ekki of blaut, ekki of þurr).
3. Lát liggja á í 20 mín. og burstu erfið óhreinindi með burstum, skrúbbum eða rispum.
4. Skola vel með volgu vatni.
5. Framkvæma ítarlegt hreinlætiseftirlit.
6. Úða Virkoni S yfir allt svæðið með úðadælu en ekki inn í tæki. Látið liggja á í 10 mín. og skolið af.
7. Úða TS sótthreinsi 1 % á alla fleti bæði utan og innan með úðakönnu (fínum úða). Mikilvægt að dreifa úðanum vel og reyna að ná sem best til allra svæða. Ekki þarf að skola þetta efni af.

Hringrásarkerfi

1. Þvoið kerfið með lút / sýru.
2. Skolið vel með köldu vatni. Mæling strimlar.
3. Sótthreinsið með Divosan Mezzo 2,5 % í köldu vatni, hringrásið í 30 min.
4. Skolið vel með köldu vatni.

Þurrsvæði

1. Keyrið allt mjöl út úr vinnslurásinni.
2. Fjarlægið öll laus óhreinindi / mjöl með kústum og ryksugum. Gætið sérstaklega vel að þeim stöðum sem mjöl safnast í svo sem á lögnum í lofti.
3. Fjarlægið allar pokasíur.
4. Úða TK-Actigeli 2,5 – 3 % með lágþrýstibúnaði í sniglahús, vegg og gólf, sem hægt er að komast að innan og utan og þurrka vel. Mikilvægt er að stilla loftmagn (3 – 4 bör) þ.a. kvoðan leggist vel og hangi vel á fletinum (ekki of blaut, ekki of þurr).
5. Lát liggja á í 20 mín. og burstu erfið óhreinindi með burstum, skrúbbum eða rispum.

VINNULEIÐBEININGAR
VL 3.11 Áætlanir fyrir þrif og rekstrarstöðvun

6. Skola vel með volgu vatni.
7. Framkvæma ítarlegt hreinlætiseftirlit.
8. Úða Virkoni S yfir allt svæðið með úðadælu en ekki inn í tæki. Látið liggja á í 10 mín. og skolið af.
9. Keyrið sótthreinsmjöl í gegnum kerfið eftir þurrkara.
10. Notið 8 1200 g Fumispore reykbombur til sótthreinsunar á þurrvinnslusvæði og pressuhúsi. Dreifið bombunum jafn um svæðið (miðju). Hristið dósina áður en kveikt er í.
11. Setjið hreinar og sótthreinsaðar pokasíur í.
12. Taka skal hreinlætissýni úr vinnslurásinni eftir hitun s.s. úr kæli og blandara og senda á faggilda rannsóknarstofu í salmonellagreiningu til að staðfesta, að þrifa- og sótthreinsunaraðgerðir hafi skilað tilætluðum árangri.

Pokasíur

Pokasíur eru þvegnar við a.m.k. 90 °C og úðað með TS sótthreinsi 1 % yfir þær með úðakönnu (fínum úða). Mikilvægt er að dreifa úðanum vel og reyna að ná sem best til allra svæða. Ekki þarf að skola þetta efni af.

Sundurliðuð þrifaáætlun er nánar skilgreind í:

- VL 3.11 a Ketilhús – þrifalýsingar + listi
- VL 3.11 b Löndun og beinaplan – listi
- VL 3.11 c Löndun og beinaplan – þrifalýsingar
- VL 3.11 d Mjölhús – þrifalýsingar + listi
- VL 3.11 e Mjölskemma – þrifalýsingar + listi
- VL 3.11 f Tankhús – þrifalýsingar + listi
- VL 3.11 g Verksmiðjuumhverfi – þrifalýsingar + listi
- VL 3.11 h Votvinnslusvæði – listi
- VL 3.11 i Votvinnslusvæði – þrifalýsingar
- VL 3.11 j Litla bræðsla – listi
- VL 3.11 k Litla bræðsla – þrifalýsingar
- VL 3.11 l Litla bræðsla – kerfisþvottur
- VL 3.11 m Þrif á flutningstönkum

VINNULEIÐBEININGAR
VL 3.11 Áætlanir fyrir þrif og rekstrarstöðvun

B Áætlun fyrir þrif við tímabundna lokun / rekstrarstöðvun verksmiðju:

Tímabundin lokun eða rekstrarstöðvun telst þegar rekstur verksmiðju stöðvast vegna hráfnisskorts eða lengri bilunar. Stöðvun getur varað frá tveim vikum og til ára eftir eðli bilana eða viðvarandi skorts á hráefni.

Þáttur	Aðgerð	Framkvæmd	Ábyrgð	Tímamörk
Kynning á ákvörðun um rekstrarstöðvun	Kynna starfsmönnum	Deildarstjóri uppsjávarsviðs	Deildarstjóri uppsjávarsviðs	Þegar eðli og umfang tímabundinnar stöðvunar er ljós
Formleg tilkynning um tímabundna rekstrarstöðvun	Verklýðsfélag, ef við á Vinnuálastofnun, ef við á Umhverfisstofnun Matvælastofnun Vinnueftirlit Heilbrigðisnefnd	Deildarstjóri uppsjávarsviðs	Deildarstjóri uppsjávarsviðs	Þegar eðli og umfang tímabundinnar stöðvunar er ljós
Undirbúningur	Skipuleggja viðgerð ef við á Skipuleggja þrif	Rekstrarstjóri Verksmiðjustjóri	Deildarstjóri uppsjávarsviðs	Þegar bilun verður eða fyrirsjáanlegur hráfnisskortur
Frágangur á lóð, vélum og tækjum	Allt hráefni í birgðageymslum (tönkum) er annaðhvort tekið inn til vinnslu eða komið í vinnslu. Öll tæki og kerfi í blaut- og þurrvinnslu þriffin og sóttþreinsuð, sjá ítarleg þrif hér að ofan. Gólf og veggir í verksmiðjubyggingu þriffin og sóttþreinsuð. Fitugildra tæmd og affallslagnir skolaðar út. Hreinsa eftir útskipun afurða lýsistankta og lýsislagnir og blása niður mjölbirgðageyma. Koma úrgangi, sem fellur til við lokahreinsun og þvott til förgunaraðila. Förgun spilliefna, afganga af hjálparefnum og úrgangsolíu samkvæmt verklagi 3.12 Stjórnun úrgangs.	Verksmiðjustjóri	Verksmiðjustjóri	Innan tveggja vikna frá stöðvun
Ferli lokað	Að loknum þrifum er vélbúnaði haldið opnum eftir því sem kostur er þannig að ekki safnist raki í búnaðinn, vökvalögnum vel lokað og olía tæmd eftir því sem við á. Straumur að vélbúnaði rofinn. Allar dyr að mannvirkjum læstar og aðgangi stýrt.	Verksmiðjustjóri	Rekstrarstjóri	Á loknum frágangi

VINNULEIÐBEININGAR
VL 3.11 Áætlanir fyrir þrif og rekstrarstöðvun

C Áætlun fyrir varanlega lokun / rekstrarstöðvun verksmiðju:

Varankleg lokun eða rekstrarstöðvun telst þegar rekstur verksmiðju stöðvast og ekki er fyrirhugað að ræsa hana aftur.

Þáttur	Aðgerð	Framkvæmd	Ábyrgð	Tímamörk
Kynning á ákvörðun um varanlega rekstrarstöðvun	Kynna starfsmönnum	Deildarstjóri uppsjávarsviðs	Deildarstjóri uppsjávarsviðs	Þegar ljóst er að stöðvun er ekki lengur tímabundin.
Formleg tilkynning um varanlega rekstrarstöðvun	Verkláðsfélag, ef við á Vinnuálastofnun, ef við á Umhverfisstofnun Matvælastofnun Vinnueftirlit Heilbrigðisnefnd	Deildarstjóri uppsjávarsviðs	Deildarstjóri uppsjávarsviðs	Þegar ljóst er að stöðvun er ekki lengur tímabundin.
Undirbúningur	Skipuleggja þrif	Rekstrarstjóri Verksmiðjustjóri	Deildarstjóri uppsjávarsviðs	Sjá áætlun um tímabundna lokun / rekstrarstöðvun
Frágangur á lóð, vélum og tækjum	Allt hráefni í birgðageymslum (tönkum) er annaðhvort tekið inn til vinnslu eða komið í vinnslu. Öll tæki og kerfi í blaut- og þurrvinnslu þriffin og sótthreinsuð, sjá ítarleg þrif hér að ofan. Gólf og veggir í verksmiðjubyggingu þriffin og sótthreinsuð. Fitugildra tæmd og affallslagnir skolaðar út. Hreinsa eftir útskipun afurða lýsistankta og lýsislagnir og blása niður mjölbirgðageyma. Koma úrgangi, sem fellur til við lokahreinsun og þvott til förgunaraðila. Förgun spilliefna, afganga af hjálparefnum og úrgangsolíu samkvæmt verklagi 3.12 Stjórnun úrgangs.	Verksmiðjustjóri	Verksmiðjustjóri	Sjá áætlun um tímabundna lokun / rekstrarstöðvun
Ferli lokað	Olía tæmd af öllum tækjum og öll spilliefni fjarlægð. Straumur rofinn. Vatn rofið. Allar dyr að mannvirkjum læstar og aðgangi stýrt.	Verksmiðjustjóri	Rekstrarstjóri	Að loknum frágangi
Ráðstöfun eigna	Eftir eðli rástöfunar getur verið um sölu eigna að ræða eða mannvirki fjarlægð og gengið frá lóð í samræmi við opinberar kröfur.	Deildarstjóri uppsjávarsviðs	Forstjóri	Í samræmi við fyrirmæli forstjóra og opinberra aðila.

VINNULEIÐBEININGAR
VL 3.11 Áætlanir fyrir þrif og rekstrarstöðvun

Breytingar

Útgáfa 1, 30.11.09

Útgáfa 2, 01.01.11, SD:

Útgáfa 3, 04.01.13, SD:

Útgáfa 4, 04.02.13, SD:

Útgáfa 5, 25.04.14, SD:

Litur áhalda á þurrsvæði skilgreindur.

Kafla um þrif við lokun / rekstrarstöðvun bætt við vinnuleiðbeiningar.

Liðum 7 til 9 bætt við kafla um þrif við lokun / rekstrarstöðvun verksmiðju.

Í þrifalýsingu vinnslurásar er felld niður notkun formalíns og í þess stað er notað sótthreinsiefni og sótthreinismjöl. Þrifum á lýsistönkum fyrir manneldislýsi bætt við lið 1 í þrifum á lýsistönkum. Í kafla um þrif á þurrsvæðum, liður 9, er formalínmjöl fellt niður og í þess stað notað sótthreinsimjöl. Þrifalýsingum og lista fyrir litlu bræðslu og flutningstanka bætt við kaflann um nánari þrifaáætlanir.

Útgáfa 6, 22.09.14, SD:

Kafla um tímbundna lokun endurskoðaður og nýjum kafla um vanalega lokun bætt við.